



Ársskýrsla 2011

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Saga, hlutverk og markmið	4
Hlutverk Birtu.....	5
Markmið	5
Þjónustusamningur við velferðarráðuneytið.....	6
Stjórn og stjórnarfundir	7
Starfsfólk, endurmenntun og námskeið.....	8
Endurmenntun og námskeið.....	8
Samstarfsaðilar og kennarar	9
Nánar um samstarfið	9
Starfið hjá Birtu á árinu 2011	9
Þátttakendur.....	10
Búseta þátttakenda.....	12
Brottfall	13
Afdrif þátttakenda.....	13
Endurhæfingin.....	13
Námskeið í boði á vorönn	Error! Bookmark not defined.
Námskeið í boði á haustönn	Error! Bookmark not defined.
Einstaklingsmiðuð endurhæfing á árinu 2011	15
Starfskynningar	16
Hópefli og tilbreyting	16
Útskrift	17
Mat á árangri og söfnun tölulegra upplýsinga.....	17
Lokaorð	17

Inngangur

Í þessari skýrslu verður gerð grein fyrir starfsemi Birtu, Starfsendurhæfingar Suðurlands á árinu 2011. Í skýrslunni verður farið sögu, hlutverk og markmið Birtu. Farið verður yfir starfið á árinu, þátttakendur og innihald endurhæfingar. Einnig verður fjallað um samstarf við fagaðila og þjónustustofnanir og mat á árangri.

Saga, hlutverk og markmið

Birta, starfsendurhæfing á Suðurlandi, er sjálfseignarstofnun sem stofnuð var þann 19. maí 2009. Birta starfar að fyrirmynd annarra landshlutatengdra starfsendurhæfingarstöðva. Starfsendurhæfing Norðurlands var fyrsta starfsendurhæfingarstöðin á Íslandi og hóf hún starfsemi árið 2003. Í kjölfarið voru stofnaðar starfsendurhæfingarstöðvar í öðrum landshlutum. Starfsendurhæfingarstöðvar eru nú starfræktar á Norðurlandi, Vestfjörðum, Austurlandi, Suðurnesjum, Hafnarfirði og í Vestmannaeyjum.

Að stofnun Birtu komu sveitarfélög á Suðurlandi, fjölmargar stofnanir, stéttarfélög, lífeyrissjóðir og félagasamtök. Stofnaðilar Birtu eru; Samtök sunnlenskra sveitarfélaga, Sveitarfélagið Árborg, Hveragerðisbær, Rangárþing ytra, Sveitarfélagið Ölfus, Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Heilsustofnun NLFÍ, Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á Suðurlandi, Vinnuálastofnun á Suðurlandi, Fjölbrautaskóli Suðurlands, Fræðslunet Suðurlands, Stéttarfélagið Báran, Verkalýðsfélag Suðurlands, Verkalýðsfélagið FOSS, Verslunarmannafélag Suðurlands, Félag iðn- og tæknigreina, Festa lífeyrissjóður, Lífeyrissjóður Rangæinga og Árnesingadeild Rauða Kross Íslands. Fjöldi stofnaðila endurspeglar þann mikla áhuga og samvinnu sem ríkti milli aðila við að koma á fót starfsendurhæfingarúrræði á Suðurlandi.

Við upphaf starfseminnar var gerður tilraunasamningur við Velferðarráðuneytið um tuttugu atvinnutengd endurhæfingarpláss á vorönn 2010. Þann 1. febrúar 2010 hóf Sandra Guðmundsdóttir félagsráðgjafi störf hjá Birtu en hún hafði áður starfað sem verkefnastjóri með stjórn Birtu. Þann 1. mars byrjaði fyrsti hópurinn í starfsendurhæfingu. Á fyrstu önninni voru alls 18 þátttakendur í starfsendurhæfingu og á fyrsta árinu alls 30 einstaklingar. Á haustönn 2011 fjölgaði plássum hjá Birtu úr tuttugu í þrjátíu. Með þeirri aukningu var reksturinn betur tryggður og hægt að þjónusta fleiri einstaklinga. Á árunum 2009-2010 var Birta með starfsaðstöðu hjá Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Eyravegi 25 á Selfossi. Við flutning málefna fatlaðra til sveitarfélaganna í janúar 2011 fékk Birta starfsaðstöðu hjá

sveitarfélaginu Árborg í gamla leikskólanum Ásheimum á Austurvegi 36. Í því húsi var jafnframt „Smiðjan“, miðstöð fyrir fólk án atvinnu, auk þess sem bifhjólasamtökin Postularnir og Myndlistafélag Suðurlands voru þar með aðstöðu. Starfsemi Birtu var á Austurvegi 36 út árið 2011 og flutti svo í janúar 2012 á Bankaveg í gamla Sandvíkurskóla sem stóð til að yrði breytt í þekkingarmiðstöð síðar á árinu.

Hlutverk Birtu

Hlutverk Birtu er að veita starfsendurhæfingu einstaklingum sem vegna veikinda, slysa og/eða félagslegra erfiðleika eru að vinna að endurkomu út á vinnumarkaðinn. Þátttakendur eru einstaklingar sem eru með endurhæfingar- eða örorkulífeyri, atvinnuleysisbætur, fjárhagsaðstoð frá sveitarfélagi eða sjúkradagpeninga frá stéttarfélagi.

Einstaklingar geta verið í starfsendurhæfingu hjá Birtu í fjóra til átján mánuði sem dreifast á þrjár annir. Eftir útskrift geta þátttakendur verið í eftirfylgd hjá Birtu í allt að átján mánuði.

Markmið

Markmið Birtu eru eftirfarandi:

- Að endurhæfa þátttakendur til vinnu.
- Að auka lífsgæði einstaklinga og fjölskyldna þeirra.
- Að þátttakandi verði virkur í samfélaginu að endurhæfingu lokinni, s.s. við vinnu, nám eða önnur verkefni.
- Að endurhæfing fari fram í heimabyggð.

Markmiðið er að veita heildstæða úrlausn á vanda hvers þátttakanda eins og kostur er hverju sinni. Áhersla er lögð á félagslega og sálræna endurhæfingu, heilsufarslega endurhæfingu og náms- og starfstengda endurhæfingu í samvinnu við stofnanir og þjónustuaðila á svæðinu. Þátttakandinn er sjálfur virkur í sinni endurhæfingu frá upphafi þar sem hann kemur með virkum hætti að gerð endurhæfingaráætlunar.

Endurhæfingin er einstaklingsbundin og tekur mið af þörfum einstaklingsins. Eintaklingar hafa val um náms- eða starfstengda endurhæfingarleið. Birta býður upp á fjölbreytt námskeið á hverri önn sem ætlað er að styrkja og efla þátttakendur í því sem þeir kunna að taka sér fyrir hendur í framtíðinni.

Þjónustusamningur við velferðarráðuneytið

Þjónustusamningur var undirritaður í desember 2009 á milli Birtu annars vegar og félags og tryggingarmálaráðuneytis, heilbrigðisráðuneytis og menntamálaráðuneytis hins vegar.

Félagsmálaráðuneytið þáverandi sá um framkvæmd samnings þessa fyrir hönd ráðuneytanna. Samningurinn sem gildi til sex mánuða hljóðaði upp á tuttugu atvinnutengd endurhæfingarpláss á vorönn 2010. Hann var gerður að fyrirmynd samnings sem gerður var við aðrar starfsendurhæfingarstöðvar á árinu 2008. Samningurinn var síðan framlengdur í ágúst fyrir haustönn 2010. Vonir stóðu til að fjöldi pláss myndi aukast og að á haustönn yrðu tveir tuttugu manna hópar í starfsendurhæfingu. Hjá þeim stöðvum sem stofnaðar voru á undan Birtu var venjan sú að samið var um tuttugu pláss í upphafi og síðan fjölgaði plássunum þangað til þau náðu að hámarki fimmtíu á þeim svæðum sem hafa flesta íbúa (Akureyri, Suðurnes, Hafnarfjörður). Nýr samningur hefur ekki verið gerður við starfsendurhæfingarstöðvar síðan. Samningunum hefur verið framlengt í tvo til fjóra mánuði í senn. Þessi óvissa í samningamálum er mjög hamlandi fyrir alla þróun starfsins og hefur áhrif á starfsmannahald en starfsöryggi starfsmanna er ekkert. Þá hefur ekki verið hægt að semja um greiðslur vegna eftirfylgdar en eftirfylgd á að geta verið í allt að átján mánuði eftir útskrift en engar greiðslur koma til vegna hennar. Ráðgjafar Birtu hafa reynt að sinna eftirfylgdarhópnum eftir föngum en ljóst er að ef vel ætti að vera þyrfti að fylgja fjármagn með. Þá hefur einnig verið í umræðunni að skoða tímalengd endurhæfingarinnar en átján mánuðir eru ekki nógu langur tími fyrir marga. Í júlí 2011 var þjónustusamningnum enn á ný framlengt en þó með þeirri breytingu að við bættust tíu pláss. Vitund fagfólks og almennings á starfsemi Birtu leiddi smátt og smátt til aukinnar eftirspurnar eftir þjónustunni. Það var því fyllilega þörf á fleiri plássum, bæði til að tryggja betur rekstrargrundvöll stofnunarinnar sem og til að anna eftirspurn eftir plássum. Aukning plássanna var ekki tilkomin vegna aukningar á útgjöldum ríkisins til málaflokksins heldur lagði Starfsendurhæfing Norðurlands-vestra upp laupana og yfirtók Starfsendurhæfing Norðurlands hluta starfseminnar og Virk hluta. Plássin sem Starfsendurhæfing Norðurlands-vestra hafði haft skiptust á milli Suðurlands og Vestmannaeyja, sem voru nýjustu starfsendurhæfingarúrræðin, með fæst pláss. Þær breytingar urðu á fyrri hluta árs 2011 að Hallgrímur Guðmundsson, sem hafði haldið utan um starfsendurhæfingu innan velferðarráðuneytisins hætti störfum þar. Málefni starfsendurhæfingar voru færð undir skrifstofu lífskjara og vinnumarkaðar í velferðarráðuneytinu. Þar var Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir skrifstofustjóri. Samningamál

voru hins vegar færð undir skrifstofu greiningar og hagnála. Þar var Hrönn Ottósdóttir skrifstofustjóri.

Stjórn og stjórnarfundir

Stjórn Birtu er kjörin á ársfundi og er skipuð fimm fulltrúum stofnfélaga og fimm til vara. Þrír stjórnarmenn eru kjörnir til tveggja ára og tveir til eins árs. Á ársfundi 2011 kom Anna Margrét Magnúsdóttir inn sem varamaður frá Rauða Krossinum í stað Marianne Brandson Nielsen. Stjórn Birtu árið 2011 var skipuð eftirtöldum:

- Formaður: María Kristjánsdóttir, félagsmálastjóri í Hveragerði.

Varamaður: Anný Ingimarsdóttir, félagsráðgjafi.

- Ritari og varaformaður: Sigurlín Guðný Ingvarsdóttir, Festa lífeyrissjóður.

Varamaður: Þröstur Sigurðsson, framkvæmdastjóri lífeyrissjóðs Rangæinga.

- Meðstjórnandi: Ásmundur Sverrir Pálsson, framkvæmdastjóri Fræðslunets Suðurlands.

Varamaður: Örlygur Karlsson, skólameistari Fjölbrautaskóla Suðurlands.

- Meðstjórnandi: Már Guðnason, formaður verkalýðsfélags Suðurlands.

Varamaður: Bergsveinn Halldórsson, fulltrúi FOSS.

- Meðstjórnandi: Magna Fríður Birnir, hjúkrunarforstjóri NLFÍ.

Varamaður: Anna Margrét Magnúsdóttir, frá Árnesingadeildar Rauða Kross Íslands.

Haldnir voru tveir stjórnarfundir á starfsárinu, þann 17. febrúar og 19. október. Fyrsti ársfundur Birtu var haldinn 2. desember 2011. Helstu mál á dagskrá stjórnar voru; skipulagt starf Birtu, fjármál Birtu, skipan starfsendurhæfingarmála á Íslandi og samstarf starfsendurhæfingarstöðva. Þá var samþykkt að skoða að Birta yrði aðili að þekkingarmiðstöð sem til stóð að stofna í Sandvíkurskóla.

Ályktanir frá fundi stjórnar þann 17. febrúar 2011:

„Stjórn Birtu- Starfsendurhæfingar Suðurlands færir Laufeyju Jónsdóttur og starfsfólki hennar á Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Suðurlandi (sem var lögð niður 1. janúar 2011 vegna flutningar málaflokksins til sveitarfélaga) bestu þakkir fyrir veitta starfsaðstöðu á árunum 2009-2010. Framlag Smfs til Birtu á fyrsta starfsárinu er þátttakendum í starfsendurhæfingu og starfsfólki Birtu ómetanlegt. Einstaklega vel var tekið á móti starfsmönnum Birtu og viðmót starfsfólks Smfs til fyrirmyndar. Þátttakendum fannst gott að koma á Svæðisskrifstofuna og fannst hlýlega og vel tekið á móti sér. Framlag Smfs hefur haft mikla þýðingu við stofnun og upphaf starfsemi Birtu“.

„Stjórn Birtu samþykkir að skoðað verði að Birta – Starfsendurhæfing Suðurlands verði aðili að þekkingarsetri í Sandvíkurskóla á Selfossi ef af því verður. Stjórn Birtu telur að stofnun þekkingarseturs muni stuðla að betri þjónustu þeirra stofnana sem þangað færu og að samstarf stofnananna í milli myndi stuðla að aukinni þekkingu og nýsköpun. Stjórn Birtu vill þó taka fram að starfsemi Birtu er smá í sniðum og að fjárveitingar hins opinbera til starfseminnar rétt duga til að reka starfsemina. Birta hefur því ekki fjármagn til að leggja út í mikinn stofnkostnað“.

Starfsfólk, endurmenntun og námskeið

Fastir starfsmenn Birtu voru á starfsárinu:

- Sandra Guðmundsdóttir, forstöðumaður í 50% starfshlutfalli frá janúar til maí og 100% starfshlutfalli frá júní 2011.
- Rakel Þorsteinsdóttir, þroskaþjálfari í 100% stöðu frá janúar til og með júní 2011.
- Elísabet Kristjánsdóttir, íþrótt- og heilsufræðingur í 50% starfi frá september 2011. Elísabet hafði starfað hjá Birtu sem verktaki með líkamsrækt og heilsutengda fræðslu frá upphafi starfseminnar.

Endurmenntun og námskeið

Á fyrri hluta árs 2011 sótti Sandra stofnfund fagdeildar félagsráðgjafa í endurhæfingu og fór á námskeið hjá umboðsmanni skuldara. Sandra fór á námskeiðin *Svefn og svefnvandamál, Áhugahvetjandi samtal I og II* og *Hamingjan og jákvæð sálfræði* haustið 2011 hjá BHM og á *HAM námskeið* hjá Reykjalundi í nóvember. Elísabet fór einnig á *HAM námskeiðið*.

Samstarfsaðilar

Helstu samstarfsaðilar Birtu eru; Fræðslunet Suðurlands, Fjölbrautaskóli Suðurlands, ráðgjafar hjá félagsþjónustum sveitarfélaga, læknar á Heilsugæslustöðvum, ráðgjafar Virk á Suðurlandi, starfsfólk Vinnumálastofnunar, VISS vinnu- og hæfingarstöð, ráðgjafar hjá Tryggingastofnun ríkisins, sálfræðingar og fleiri. Reglulega hafa verið haldnir samráðsfundir með Birtu, Virk, félagsþjónustu sveitarfélagsins Árborgar, Vinnumálastofnun og Viss með það að markmiði að stuðla að frekara samstarfi og samvinnu milli stofnana. Til stendur að bjóða fleiri félagsþjónustum á Suðurlandi að vera með.

Nánar um samstarfið

Birta kaupir ýmis námskeið fyrir þátttakendur hjá Fræðslunetinu auk þess sem starfsfólk Fræðslunetsins hefur skipulagt námskeið fyrir Birtu. Þá hafa þátttakendur í Birtu átt kost á viðtölum hjá náms- og starfsráðgjöfum Fræðslunetsins. Birta leigði kennsluáðstöðu í Iðu við Fjölbrautaskóla Suðurlands af Fræðslunetinu. Birta keypti aðallega sálfræðiviðtöl af Heilsustofnun NLFÍ á árinu 2011.

Starfið hjá Birtu á árinu 2011

Á árinu 2011 hélt starfið áfram að þróast. Boðið var upp á ýmis námskeið á vorönn, nokkrir þátttakendur fóru í starfskynningar sem gengu vel. Vor og sumar 2011 var boðið upp á sumarnámskeið þar sem þátttakendur voru meira úti og fóru einnig á keramik námskeið á Stokkseyri. Um haustið fjölgaði plássum hjá Birtu um 10 og tryggði það reksturinn betur. Hægt var að kaupa fleiri námskeið og endurhæfingarúræði. Húsnæðið á Austurvegi bauð upp á ýmislegt. Á efstu hæð hússins var Smiðjan, athvarf fyrir fólk án atvinnu en margir í Birtu komu þangað reglulega. Reynt var að samtvinna starf Birtu og Smiðjunnar, t.d. var boðið upp á eldhúshóp í eldhúsinu uppi þar sem þátttakendur elduðu og borðuðu saman. Hófundir voru einnig haldnir þar. Á haustönn vísaði Virk í fyrsta skipti þátttakendum til Birtu og greiddi fyrir plássin. Var um tvo einstaklinga að ræða.

Þátttakendur

Í töflu 1 má sjá fjölda þátttakenda eftir því á hvaða önn þeir voru í starfsendurhæfingunni.

Tafla 1. Fjöldi þátttakenda eftir því á hvaða önn þeir voru, á vorönn og haustönn 2011

	Fjöldi	Konur	Karlar	Fjöldi	Konur	Karlar
Fyrsta önn	7	3	4	21	13	8
Önnur önn	8	4	4	8	2	6
Þriðja önn	10	5	5	3	2	1
Samtals:	25	12	13	32	17	15

Þegar starfið hófst á vorönn 2011 voru 25 einstaklingar skráðir þátttakendur, 13 karlar og 12. Aldur þátttakenda var á bilinu 18- 57 ára. Flestir voru fæddir á árunum 1980-1989 eða tíu þátttakendur. Sjö þátttakendur voru fæddir á árunum 1970-1979, fjórir á árunum 1990-1992, tveir á árunum 1960-1969 og tveir á árunum 1954-1959. Einn þátttakandi var látinn hætta þar sem viðkomandi sinnti ekki endurhæfingu. Frá febrúar og út önnina voru 24 einstaklingar í starfsendurhæfingu hjá Birtu. Af þessum 25 voru 17 sem höfðu haldið áfram frá haustönn 2010. Á haustönn 2010 höfðu verið 21 einstaklingar í endurhæfingu. Fjórir úr þeim hópi ýmist hættu eða útskrifuðust. Sjö nýjir þátttakendur hófu starfsendurhæfingu á vorönn 2011 og ein kom aftur eftir að hafa tekið sér frí eina önn. Á fyrstu önn voru 7, á annarri önn 8 (þar af ein sem hafði lokið fyrstu önninni sinni á Akureyri) og á þriðju önninni 10. Í töflu 2 má sjá yfirlit yfir fjölda þátttakenda eftir kyni og fæðingarári, á árinu 2011.

Á haustönn fjölgaði plássum um 10. Fjöldi þátttakenda voru 32, þar af voru 17 konur og 15 karlar. Lítið brottfall var á haustönn.

Tafla 2. Fjöldi þátttakenda eftir kyni og fæðingarári á vor- og haustönn 2011.

	Vor 2011		Haust 2011	
	Karlar	Konur	Karlar	Konur
1993			1	1
1992	2		4	
1991		1	1	2
1990	1		2	
1989			1	1
1988			1	
1987		1	1	1
1986		2		2
1985	1	1		1
1984				1
1983	1	1		
1982		1		4
1981	1			
1980	1			
1979		1		
1978			1	
1976			1	1
1975		1		
1974	1			
1972	1			
1971	2	1	1	1
1970				1
1969	1	1	1	
1965				1
1961				
1956		1		
1954	1			
	13	12	15	18

Búseta þátttakenda

Í töflu 3 má sjá yfirlit yfir búsetu þátttakenda.

Tafla 3. Búseta þátttakenda á Suðurlandi.

	Vorönn	Haustönn
Selfoss	16	20
Stokkseyri	1	2
Eyrarbakki	1	0
Hveragerði	4	5
Ölfus	1	1
Uppsveitir Árnessýslu	1	3
Hella	1	0
Hvolsvöllur	0	1
	25	32

Fjöldi tilvísana frá hausti 2010 til ársloka 2011

Fjöldi tilvísana og umsókna sem bárust frá hausti 2010 til ársloka 2011 voru 55. Af þeim hófu 33 einstaklingar á einhverjum tímavörðum á tímabilinu starfsendurhæfingu. Í töflu fjögur má sjá yfirlit yfir hvaðan tilvísanir bárust.

Tafla 4. Fjöldi tilvísana sem bárust fyrir vorönn 2011.

Tilvísanir/umsóknir frá	Fjöldi tilvísana
Félagsþjónusta	23
Heilsugæsla	11
Lífeyrissjóður	1
Virk	1
Geðlæknir, sjálfst. Starfandi	2
Geðdeild LSH	1
Önnur starfsendurh.st.	1
Sálfræðingur	0
Vinnumálastofnun	3

VISS vinnu og hæfingarstöð	1
Strókur	2
Sóttu um sjálf	9

55

Brottfall

Á vorönn 2011 hætti einn af tuttugu og fimm þátttakendum, brottfall 4%.

Á haustönn 2011 hættu þrír í september. Aðrir þrír bættust við í október en af þeim hættu tveir (andleg heilsa það slæm að þau gátu ekki sinnt endurhæfingunni).

Afdrif þátttakenda

Fimmtán einstaklingar útskrifuðust á vorönn 2011, af þeim fóru níu á vinnumarkaðinn, að fullu eða að hluta. Tveir héldu áfram námi, þar af fór einn í vinnu samhliða námi. Tveir þátttakendur komu aftur í Birtu síðar.

Einn þátttakandi útskrifaðist haustið 2011 eftir þrjár annir í endurhæfingu. Viðkomandi var ekki tilbúinn á vinnumarkaðinn og fór í örorkumat. Snéri aftur til okkar á haustönn 2012 og fór í starfsþjálfun samhliða endurhæfingu. Fékk starf í framhaldinu en entist ekki vegna lélegra launa. Í töflu fimm hafa verið teknar saman upplýsingar um afdrif þátttakenda hjá Birtu.

Tafla 5. Afdrif þátttakenda sem byrjuðu á árinu 2011.

	Vor 2011	Haust 2011
Hættu á önninni	1	5
Héldu áfram í endurhæfingu eftir önnina	9	24
Útskrifuðust	15	3
-Fengu vinnu eftir útskrift	8	0
-Fengu tímabundna vinnu á önninni	1	0
	25	32

Endurhæfingin

Endurhæfingin hjá Birtu skiptist í þrjá þætti; félags- og sálrænan þátt, heilsufarslegan þátt og náms- og starfstengdan þátt. Endurhæfingin er einstaklingsmiðuð en fer fram í hóp. Hver

einstaklingur hefur sinn ráðgjafa sem heldur utan um endurhæfingarferli viðkomandi. Gerð er krafa um að einstaklingurinn sé virkur í endurhæfingunni á öllum stigum endurhæfingarinnar. Einstaklingarnir gera endurhæfingaráætlun í samvinnu með ráðgjafa á hverri önn og sumir oftast á þrjár annir og eina sumarönn. Starf Birtu er í stöðugri þróun og tekur mið af aðstæðum og þörfum þátttakenda á hverjum tíma. Á hverri önn eru í boði ýmist námskeið fyrir alla þátttakendur. Markmiðið er að vera með fjölbreytt námskeið sem eru uppbyggjandi, fræðandi og skemmtileg. Til viðbótar við skipulagt starf hefur Birta greitt fyrir þátttakendur, að fullu eða hluta; nám, námskeið og ýmsa endurhæfingu.

Námskeið í boði á vorönn 2011

- Námskeið í markþjálfun – kennari Sigríður Jónsdóttir, ACG markþjálfari. Kennt einu sinni í viku í 6 vikur.
- Efling í starfi – kennari Rakel Þorsteinsdóttir, verkefnastjóri hjá Birtu. Kennt vikulega alla önnina.
- Heilsa og líðan – kennari Elísabet Kristjánsdóttir, íþrótt- og heilsufræðingur. Gestafyrirlesari í sex skipti var Eygló Linda Hallgrímsdóttir. Kennt vikulega alla önnina.

Skapandi starf:

Boðið var upp á fjögurra skipta glerlistarnámskeið hjá Hendur í Höfn í Þorlákshöfn og keramik hjá Herborgu Auðunsdóttur leirkerasmið og kennara á Stokkseyri, á sumarönn.

Hreyfing:

Þjálfun í tækjasal undir handleiðslu íþrótt- og heilsufræðings var í boði tvisvar í viku og ganga einu sinni í viku. Þátttakendum bauðst opið kort í Actic líkamsræktarstöð í Sundhöll Selfoss sem þeir gátu nýtt þess á milli. Í boði var aðhaldshópur fyrir þá sem vildu.

Námskeið í boði á haustönn

- Minnistækninámskeið – kennari Kolbeinn Sigurjónsson, kennari. Kennt tvisvar í viku í fjögur skipti.
- Bata- og meðvirkninámskeið – kennari Jóna Margrét Ólafsdóttir, félagsráðgjafi. Kennt einu sinni til tvisvar í viku í sex skipti.

- SMS sjálfsstyrkingarnámskeið – kennari Rósa Traustadóttir yoga kennari og heilsuráðgjafi. Kennt einu sinni í viku í sex skipti.
- Fjármálanámskeið – Ragnhildur B. Guðjónsdóttir, sagnfræðingur og viðskiptafræðingur. Kennt einu sinni í viku í fjórar vikur.
- Úr frestun í framkvæmd – kennari Sigríður Jónsdóttir ACG markþjálfari. Kennt einu sinni í viku í þrjú skipti.
- Markþjálfun - kennari Sigríður Jónsdóttir ACG markþjálfari. Kennt einu sinni í viku í sex skipti.
- Aftur í nám eða starf – kennari Eydís Katla Guðmundsdóttir, náms- og starfsráðgjafi.
- Baujan – sjálfsstyrking fyrir konur. Kennari Eydís Katla Guðmundsdóttir, náms- og starfsráðgjafi.
- Heilsa og líðan – kennari Elísabet Kristjánsdóttir, íþróttá- og heilsufræðingur.

Hreyfing:

Þjálfun í tækjasal undir handleiðslu íþróttá- og heilsufræðings var í boði tvisvar í viku og ganga einu sinni í viku. Þátttakendum bauðst opið kort í Sportstöðinni á Selfossi sem þeir gátu nýtt þess á milli. Þeir sem bjuggu utan Selfoss gátu fengið kort nær heimili sínu. Í boði var aðhaldshópur fyrir þá sem vildu.

Skapandi starf:

Boðið var upp á fjögurra skipta glerlistarnámskeið hjá Hendur í Höfn í Þorlákshöfn fyrir byrjendur og framhaldshóp.

Einstaklingsmiðuð endurhæfing á árinu 2011

Birta keypti ýmis einstaklingsbundin úrræði fyrir þátttakendur á árinu.

Eftirtalin námskeið voru keypt á vorönn 2011:

Nám/námskeið hjá Fræðsluneti Suðurlands

- Sterkari starfsmaður (5)
- Grunnmenntaskóli (3)
- Íslenskunámskeið (1)

Annað nám/námskeið

- Fjölbrotaskóli Suðurlands (9)
- Tækniskólinn (1)
- Meirapróf (1)

Eftirtalin námskeið voru keypt á haustönn 2011:

Nám/námskeið hjá Fræðsluneti Suðurlands

- Grunnmenntaskóli (2)
- Nám og þjálfun (4)

Annað nám/námskeið

- Fjölbrotaskóli Suðurlands (2)
- Styrkur vegna endurmenntunar, viðurkenndur bókari

Starfskynningar

Sex einstaklingar fóru í starfskynningar á vorönn 2011. Fyrirtæki og stofnanir sem einstaklingar fóru til voru:

- MS á Selfossi
- SS á Selfossi
- Sunnulækjarskóli dagvistun
- Viss vinnu- og hæfingarstöð (2)
- Áhaldahúsið Selfossi

Fyrirkomulagið var þannig að einstaklingar voru í starfskynningu í hálfan dag einu sinni til tvisvar í viku í nokkrar vikur. Enginn fór í starfskynningu á haustönn 2011.

Hópefli og tilbreyting

Hópefli er mikilvægur þáttur í starfi Birtu. Nauðsynlegt er að breyta til reglulega í starfinu og gera eitthvað skemmtilegt. Á vorönn var haldið vöflukaffi og Birturace á Austurveginum. Þátttakendur fóru í Birturace og kepptu sín á milli í skemmtilegum þrautum og síðan voru bakaðar vöflur. Haldin var vorhátíð Birtu í Gesthúsum í maí. Farið var í leiki, grillað og borðað saman. Á haustönn var farið út að borða saman, eldhúshópurinn bauð reglulega í mat eða kökur á Austurveginum. Eldaður var jólamatur og áttu þátttakendur saman góða stund.

Útskrift

Á vorönn 2011 voru 15 einstaklingar útskrifaðir. Einn eftir eina önn, fjórir eftir tvær annir og tíu eftir þrjár annir.

Á haustönn 2011 voru þrír útskrifaðir, allir eftir þrjár annir.

Mat á árangri og söfnun tölulegra upplýsinga

Þegar einstaklingur hefur endurhæfingu eru lagðir fyrir hann skimunarlistar, svokölluð *Skimun I og II* og *Grunnmat* til þess að fá fram ýmsar upplýsingar um stöðu einstaklingsins og aðstoða við markmiðasetningu. Þá er lagður fyrir þátttakendur listi sem kallast *Heilsutengd lífsgæði* í upphafi og lok annar til þess að mæla breytingar á líðan og heilsu á meðan á endurhæfingu stendur. Í þjónustusamningnum er gerð krafa um að árangur sé mældur og upplýsingum safnað. Til þess eru m.a. ofangreindir listar notaðir. Þá tekur forstöðumaður saman ýmsar tölulegar upplýsingar eins og aldur, kyn, tilvísunaraðila, búsetu og ástæðu fjarveru frá vinnumarkaði. Þar sem starfsemin er enn í mótun munu hugsanlega fleiri aðferðir verða teknar upp. Það sem helst skortir á er utanumhald um upplýsingar en starfsendurhæfingarstöðvar hafa ekki, enn sem komið er, tölvuforrit til að halda utan um upplýsingar um þátttakendur. Virk hefur boðið aðgang að þeirra tölvukerfi og hefur forstöðumaður Birtu óskað eftir að fá að taka þátt í þróunarverkefni varðandi samvinnu á því sviði.

Lokaorð

Á öðru starfsári Birtu hefur starfsemin haldið áfram að þróast. Starfsemin flutti frá Svæðisskrifstofu um málefna fatlaðra um áramótin 2010-2011 þar sem málefni fatlaðra voru að flytjast yfir til sveitarfélaganna. Sveitarfélagið Árborg lét Birtu í té afnot af skrifstofu í gamla leikskólanum Ásheimum við Austurveg 36 og bauð það húsnæði upp á ýmsa möguleika eins og að halda hópfunði þar og elda saman. Haustið 2011 fjölgaði plássum um 10 og tryggði það rekstur Birtu betur svo hægt var að bjóða upp á fleiri námskeið og endurhæfingarúræði. Mikil eftirspurn var eftir plássum og voru þau fljót að fyllast og rúmlega það. Birta er ung stofnun og mun starfið halda áfram að þróast og eflast í samstarfi við notendur þjónustunnar.

Selfossi, október 2013

Sandra Guðmundsdóttir,
Forstöðumaður Birtu.